

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðureyrarhrepps.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Suðureyrarhrepps selur afnot hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Suðureyrarhreppi, og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Suðureyrarhrepps nr. 225 26. maí 1977.

2. gr.

Hitaveita Suðureyrarhrepps lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi að dómi hitaveitunnar til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þessa, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta mánuð, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. desember ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu eru sem hér segir:

- | | |
|--|--------------|
| a. Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil | kr. 540,00 |
| b. Vatnsgjald á mánuði | kr. 1 048,00 |
- fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín mánaðarlega og skulu þau greiddast til innheimtumanns eða innheimtustofnunar, sem hreppsnefnd ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 30 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Suðureyrarhrepps skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð.

Eldri hús:

Fastagjald á heimæð með hemil, þrýstijafnara og slaufuloka kr. 31 182,00

Rúmmetragjald 0—300 m³ án gjalds

gjald umfram 300 m³—1000 m³ kr. 53,70 pr. m³

gjald umfram 1000 m³ kr. 35,80 pr. m³

Ný hús (nýbyggingar):

Fastagjald á heimæð með hemil, þrýstijafnara og slaufuloka kr. 71 068,00

Rúmmetragjald 0—300 m³ án gjalds

gjald umfram 300 m³—1000 kr. 53,70 pr. m³

gjald umfram 1000 m³ kr. 35,80 pr. m³

7. gr.

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hreppsnefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, enda séu breytingarnar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot af hitaveitunni til annars en húshitunar, og er þá hreppsnefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Suðureyrarhrepps hefur rétt til að loka aðrennsli að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er kr. 677,00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Suðureyrarhrepps skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. maí 1989 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 314, 24. júní 1988.

Iðnaðarráðuneytið, 25. apríl 1989.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Guðrún Skúladóttir.